

## **SAMÞYKKT** **um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.**

1. gr.

### **Gildissvið**

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og förgun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

Tálknafjarðarhreppur ber ábyrgð á að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við samþykkt þessa samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um meðhöndlun úrgangs og öðrum reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum.

Tálknafjarðarhreppur ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu, sér um söfnun og aðra meðhöndlun heimilisúrgangs frá heimilum og frístundahúsum í sveitarfélaginu og sér til þess að rekin sé móttöku- og söfnunarstöð fyrir úrgang. Tálknafjarðarhreppur sér til þess í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

### **Markmið**

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- b. að tryggja að meðhöndlun úrgangs sé í samræmi við lög og reglugerðir,
- c. að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásakerfis,
- d. að lágmarka myndun úrgangs og að þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma,
- e. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs og
- f. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem kostnaðinum veldur.

3. gr.

### **Fyrirkomulag sorphirðu**

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er framkvæmd samþykktar þessarar háð eftirliti heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Tálknafjarðarhreppi er heimilt að fela öðrum framkvæmd tiltekinna þátta vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.m.t. hirðu úrgangs, móttöku spilliefna, brotajárns og annarra úrgangsflokka. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðiseftirlitsnefndar Vestfjarða eða Umhverfisstofnunnar eftir því sem við á.

4. gr.

### **Íbúðarhúsnæði í þéttbýli og dreifbýli**

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs og endurvinnslufna sem Tálknafjarðarhreppi ákveður hverju sinni. Sorpgeymslur skulu vera á jarðhæð og standa sem næst aðkomu að lóð. Sorpílát við hús skulu geymd á einum stað en ekki dreift um lóð. Ef hundur er tjóðraður á lóð eða laus á lóð innan hundheldrar girðingar skal tryggja að komast megi óhindrað að sorpílátum til losunar.

Söfnun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi fer fram í samræmi við útgefið sorphirðudagatal. Við hvert íbúðarhúsnæði í þéttbýli og hvert lögheimili í dreifbýli í Tálknafjarðarhreppi skal vera sorptunna fyrir almennan heimilisúrgang og sorptunna/tunnur fyrir endurnýtingarflokka í samræmi við sérstaka söfnun og flokkun úrgangs, þ. á m. ílát undir lífúrgang.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn sorphirðu. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur bera ábyrgð á þeim ílátum sem þeim er ætlað vegna sorphirðu við heimili. Sorpílátum skal koma fyrir á aðgengilegum stað og þau fest tryggilega. Gæta ber þess að auðvelt sé fyrir starfsmenn sorphirðu að losa ílátin úr festingum. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá ílátum og halda greiðfærri leið að þeim. Æskilegt er að fjarlægð frá götu að heimreið að sorptunnu við íbúðarhús sé eigi meiri en 15 metrar.

Úrgangur sem að mati húsráðenda þarf að losa örur en gert er ráð fyrir í samþykktri áætlun er hægt að koma með á móttökustöð eða gámasvæði og losa þar gegn greiðslu fyrir úrgang samkvæmt gjaldskrá.

Í sorpílát fyrir almennan heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur til við venjulegt heimilishald og í samræmi við leiðbeiningar um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta eftirfarandi úrgang í sorpílát fyrir almennan heimilisúrgang:

- a. Spilliefni, lyf eða annan hættulegan úrgang.
- b. Timbur, brotamálm, múrbrot, jarðefni og grjót og annan grófan úrgang.
- c. Lífúrgang, þ.e. matarúrgang og garðaúrgang.
- d. Pappír og pappa, svo sem dagblöð og tímarit, auglýsingapóst, prent- og ljósritunarpappír, fernur, eggjabakka og aðrar pakkningar utan af matvælum og öðrum varningi hvort sem er úr sléttum pappa eða bylgjupappa, svo sem morgunkornspakka, pítsukassa og pappakassa.
- e. Málma, plast, gler og textíl.
- f. Skilagjaldsskyldar drykkjarvöruumbúðir úr áli, plasti, gleri og stáli.

Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal skilað á söfnunarstöð eða komið fyrir á sérmerktum losunarstöðum í samráði við starfsfólk þjónustumiðstöðvar Tálknafjarðarhrepps. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skila á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Annan úrgang en framangreindan skal setja í ílát söfnunaraðila sem sérstaklega eru ætluð fyrir viðkomandi úrgangsflokka eða skila til söfnunar- eða móttökuaðila sem hefur leyfi til móttöku á viðkomandi úrgangsflokki.

#### 5. gr.

##### **Lögaðilar, fyrirtæki og stofnanir**

Eigendur og umráðamenn atvinnuhúsnæðis hvort sem eru lögaðilar, fyrirtæki eða stofnanir, bera ábyrgð á því að með meðhöndlun úrgangs, sem hlýst af eða fylgir starfsemi þeirra, sé farið með samkvæmt gildandi lögum, reglugerðum og kröfum sveitarfélagsins. Þeir bera allan kostnað sem af meðhöndlun úrgangsins hlýst.

Frágangur og umgengni um ílát, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Eigendum og umráðamönnum atvinnuhúsnæðis er heimilt að semja við hvern þann sem hefur tilskilin leyfi og réttindi til flutnings á úrgangi til móttökustöðvar og skal sá aðili fara að kröfum sveitarfélagsins varðandi skráningu, vigtun og skil á upplýsingum. Staðsetning sorpíláta fyrir rekstrarúrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir Tálknafjarðarhrepps, ákvæði byggingarreglugerðar og viðkomandi deiliskipulag.

#### 6. gr.

##### **Fristundahús**

Húsráðendum frístundahúsa er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við meðferð úrgangs sem samþykkt þessi kveður á um. Sorpkör fyrir almennan heimilisúrgang eru staðsett við móttökustöð við Strandgötu og eru körin ætluð frístundahúsaeygendum og eigendum annarra húsa þar sem ekki er föst ábúð. Frágangur og umgengni við sorpgáma skal vera í samræmi við kröfur Tálknafjarðarhrepps og heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Öllum öðrum úrgangi en almennum heimilisúrgangi svo sem lífúrgangi, pappír, plast, járn, textíl, gleri, timbri og járn, skal skila til móttöku- eða söfnunarstöðvar (gámasvæði).

#### 7. gr.

##### **Skyldur íbúa, húsráðenda, fyrirtækja, stofnana og landeigenda**

Sérhverjum húsráðanda í sveitarfélaginu, hvort sem um er að ræða húsráðanda íbúðar-, frístunda- eða atvinnuhúsnæðis, er skylt að endurnota eða flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er, hvort sem slíkur úrgangur er safnað við húsnæði skv. 3.-5. gr. eða skilað til móttöku- eða söfnunarstöðva (gámasvæða).

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma úrgang á víðavangi, götum, gangstéttum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausa bíla, vélar og önnur tæki. Úrgangur má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins. Úrgangi sem skilað er, skal flokka og meðhöndla eftir þeim leiðbeiningum sem sveitarfélagið hefur sett.

Söfnun heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrir fram gerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn. Áætlunin skal kynnt íbúum og gerð aðgengileg á vefsvæði Tálknafjarðarhrepps og þjónustuaðila. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps getur heimilað frávík frá áætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávík skulu auglýst eða tilkynnt hlutaðeigandi með hæfilegum fyrirvara. Skulu þá húsráðendur sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari á auglýstum tíma eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða.

8. gr.

#### **Sorpílát**

Söfnunarlát fyrir heimilisúrgang skulu vera við heimili og er sérhverjum húsráðanda skylt að nota þau ílát og þær aðferðir við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps ákveður hverju sinni, í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Húsráðendur skulu gæta þess að valda ekki skemmdum á ílátunum. Húsráðendur skulu halda sorpílátum hreinum svo ekki skapist heilsuspillandi aðstæður eða óþægindi af völdum þeirra. Haldi húsráðendur sorpílátum ekki hreinum getur sveitarfélagið látið hreinsa ílátin á kostnað þeirra. Húsráðendur fá afhent söfnunarlát/tunnur frá sveitarfélaginu eða sorphirðuverktaka.

Sé ílát skemmt af öðrum ástæðum en eðlilegri notkun og sliti getur eigandi íláts farið fram á að íbúðareigandi greiði fyrir nýtt ílát.

Á stöðum þar sem aðstæður leyfa ekki að sorpílátum sé stillt upp við hvert heimili er heimilt að setja upp sameiginleg sorpílát í þeim tilfellum skal fylgja grein 6.12.6 í byggingarreglugerð, sem fjallar um tæknirými.

Ekki er skylt að hirða úrgang sem ekki er í viðurkenndum sorpílátum.

9. gr.

#### **Frágangur úrgangs frá heimilum**

Draga skal úr myndun úrgangs eins og hægt er og stuðla að undirbúningi hans fyrir endurnotkun og endurvinnslu. Úrgangur sem til fellur skal endurnota eftir föngum. Úrgangur sem ekki verður endurnotaður skal flokkaður til endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar.

Í sorpílát fyrir almennan heimilisúrgang má aðeins setja það sem ekki er hægt að endurnýta og endurvinna og sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald. Í tunnu fyrir lífúrgang skal setja matarafganga og aðra flokka samkvæmt nánari fyrirmælum frá sorphirðuverktaka. Í sorpílát fyrir endurvinnsluefni skal setja plast, pappír, dósir, ál og annan endurvinnanlegan úrgang í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Annan úrgang er óheimilt að setja í sorpílát.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Tálknafjarðarhreppur skal í samvinnu við samstarfsaðila í málaflöknum og heilbrigðisnefnd halda uppi fræðslu um flokkun og endurnýtingu til íbúa og lögaðila í sveitarfélaginu sem og til ferðamanna og gesta.

10. gr.

#### **Umgengni á almannafæri**

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu.

Tæki og hlutir sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrennar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skal geyma á þar til gerðum svæðum. Óheimilt er að geyma skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri.

Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í lágmarki.

Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði til Tálknafjarðarhrepps og verða slík erindi afgreidd í samráði við skipulags- og umhverfisráð og byggingafulltrúa.

11. gr.

#### **Söfnunarstöð**

Allur úrgangur sem ekki er heimilt að setja í sorpílát fyrir almennan heimilisúrgang, ílát fyrir lífúrgang og ílát fyrir endurvinnsluefni skal fluttur til móttöku- eða söfnunarstöðvar (gámasvæðis). Þetta gildir um úrgang frá heimilum, lögaðilum, fyrirtækjum eða stofnunum.

Í Tálknafjarðarhreppi er móttökustaður fyrir flokkaðan úrgang á söfnunarstöð við Strandgötu.

Á móttöku- og söfnunarstöð (gámasvæði) er hægt að skila eftirfarandi úrgangi: Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi, timbri, brotamálum, gleri, textíl, rafmagns- og rafeindatækjum sem og öðrum grófum úrgangi. Spilliefnum ber að safna í nærumhverfi. Lyfjum skal skila í apótek.

Óheimilt er að losa annan úrgang á móttöku- og söfnunarstöð (gámasvæði) en þá flokka sem tilgreindir eru með merkingum á viðkomandi stöðum.

Garðaúrgangi og jarðvegsefni, þ.m.t. grjóti og múrbroti, skal komið á sérmerktan losunarstað sem Tálknafjarðarhreppur hefur ákveðið og veitir upplýsingar um.

#### 12. gr.

##### **Gjaldtaka**

Tálknafjarðarhreppur innheimtir gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjald skal innheimta samkvæmt gjaldskrá sem sett er í samræmi við 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við ákvörðun gjaldsins skal miða við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta fast gjald á hvert fasteignanúmer til þess að innheimta allt að 25% af heildarkostnaði sveitarfélagsins við meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta allt að 50% af heildarkostnaði sveitarfélagsins til 1. janúar 2025.

Gjald þar sem tunnur og losanir verða með eftirfarandi hætti:

1. Óflokkaður almennur heimilisúrgangur. Söfnun verður almennt á 28 daga fresti fyrir sorptunnu í þéttbýli en á 21 daga fresti í dreifbýli. 1 stk. 240 lítra tunna fyrir heimilisúrgang er innifalin í gjaldi.
2. Tíðni tæminga á endurvinnslutunnu verður á 14 daga fresti fyrir tunnur í þéttbýli en á 21 daga fresti í dreifbýli. Í endurvinnslutunnum verða laus ílát til að halda úrgangsstraumi aðskildum sem íbúar losa tiltekinn úrgang í, svo sem plast og járnúrgang, niðursuðudósir, krukkuok. Járnúrgangurinn skal vera í plastpokum en plastúrgangur í lausu. Pappi og pappirsúrgangur verður eftir sem áður laus í tunnunum. 1 stk. 240 lítra tunna fyrir endurvinnsluefni er innifalin í gjaldi.
3. Tíðni tæminga á lífúrgangi sem er matarúrgangur verður á 14 daga fresti í þéttbýli. Notaðar verða 120 lítra tunnur undir lífúrgang (matarúrgang). 1 stk. 120 lítra tunna fyrir lífúrgang er innifalin í gjaldi.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá móttöku- og söfnunarstöðva. Gjald skal vera sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu og endurspeglar þann kostnað sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda og skal í gjaldskránni vísa til þessarar samþykktar.

#### 13. gr.

##### **Kvartanir og kærur**

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal henni komið á framfæri við sorphirðuverktaka, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eða til skrifstofu Tálknafjarðarhrepps.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

#### 14. gr.

##### **Valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög**

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. XIII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

15. gr.

**Gildistaka**

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, til þess að öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og lofilagsráðuneytinu, 17. ágúst 2022*

F.h.r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir / Trausti Ágúst Hermannsson